

Draumiskrök.

I.

1. alfræðibók amerískri rakst eg á þann fróðleik, að draumarnir sé það sem vér hugsuñ í svefni: Dreams are our thoughts during sleep. Mun ekki auðvelt að segja það, sem vitlausara sé um eðli drauma. Því að það sem oss dreymir, er einmitt ekki, fyrst og fremst hugsanir; og þar að auki er í draumlífinu mjög um tilflutninga og tilsendingar að ræða. Á ensku mætti segja: Dreams are phenomena of transfer and transmission. Hefir mér komið til hugar að segja frá nýju daemi og ekki ófróðlegu þessa efnis. Mig dreymdi í morgun á þá leið, sem verið væri að telja mér trú um, að kunningi minn einn væri góður maður, og að mér þætti þetta ekki óliklegt. En nú vill svo illa að það er fátt, sem eg í vöku mundi telja ólíklegra en einmitt þetta. Var einkennilega ljóst, að þarna voru utanþokomandi áhrif að verki, og hefi eg raunar oft áður orðið slikra áhrifa var úr þeirri átt, og ekki góðra.

II.

Orðið draumiskrök — sem að vísu er notað í dálitið sérstakri merkingu í fyrirsögn greinar þessarar — er forn og not-að sem andstæða við orðið sanndreymi. Svarar orð þetta til þess sem draumafræðingurinn

Artemidór, sem uppi var óld vors timabils, nefsnir enyption; en sanndreymi heitir hija tonum onciros. Artemidór hefir ritað bók sem heitir Oneirokritikon, og þýðir það svip-að (þ. e. hvernig skilja skal drauma, eða draumaráðning) og heiti á mjög frægri bók frívorum tímum, Traumdeutung, eftir Siegmund Freud. Vil ekki leyna því, að mér þykir gríská bókin, þótt gömul si orðin, merkilegri en bók hin fræga Gyöngs. Hefir Artemidór verið skarpur maður og vitsmentaður. Raunar skrifar hann ekkert um mitt sérstaka rannsóknarefnini, eðli draumlífsins, og ýmsar upplýsingar hans um það, hvernig menn dreymdu þeim tímum, eru stórfróðlegar og þegar hann getur um, að menn dreymi sig öðruvísi í sjón en þeir eru í raun og veru. Það frá því sagt, að útlit draumgjafans berist inn í drauminn, og er þar hjálp til að átta sig á stórbýðingarmiklu atriði, sjálfu undirstöðuatriðinu þegar skilja skal eðli draumlífsins. Geta niá hess, að mjög fróðleg athugun af einmitt því tagi, kemur fram draumi Stjörnu-Odda og bregður skemtilegri birtu yfir skarpleik þessa merkilega íslenska stjörnufræðings; vona eg að geta ritað nánar um það en síðar meir.

17. febrúar.

Helgi Pjeturss.